

Fréttabréf VMS

V E R S L U N A R M A N N A F É L A G S U Þ U R L A N D S



Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

Kæru félagar	2
Orlofsréttur	3
Matar & kaffi hlé	4
Sjúkrasjóður	5
Orlofshús 2009	6
Orlofsuppbót	6
Umsókn	7

«Nafn»
«Heimili»
«Póstnr» «Staður»

Aðalfundur V.M.S.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 29. apríl kl 20;30 í sal á 3. hæð, að Austurvegi 56, Selfossi

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundarstörf
Önnur mál.

KÆRU FÉLAGAR

Hvernig er hægt að skrifa nokkuð uppörvandi á þessum síðustu og verstu tímum? Jú, við verðum að trúa því að betri tímar séu framundan. Siðspillt efnahagslíf sé að baki og við taki uppbygging atvinnulífs þar sem grunnréttindi verði virt og hægt verði að lifa mannsæmandi lífi af launatekjum. Rödd verkalýðshreyfingarinnar er á tímum sem þessum gífurlega mikilvæg til að byggja upp réttlátan vinnumarkað. Atvinnuleysi vex nú hröðum skrefum og mun taka okkur nokkur ár að vinna bug á því. Það er hræðilegt að missa vinnuna og enginn sem ekki hefur reynt það á eigin skinni getur fyllilega sett sig í þau spor. Í dag eru margar hugmyndir í farvatninu og margt verið að gera til að létta því fólki lífið sem lent hefur í atvinnumissi. Ríki og sveitarfélög eru að bjóða niðurgreiðslur eða jafnvel frítt í sund, leikhús líkamsrækt og fl. En hvað um alla hina? Stór hluti félagsmanna í VMS hefur þurft að taka á sig launaskerðingar í ýmsum myndum. Yfirvinna hefur verið skorin niður eða tekin af fólki, starfshlutfall verið skert og laun verið lækkuð. Þessi hópur fólks hefur mátt þola kaupmáttarrýrnun ásamt því að allar vörur og öll þjónusta hefur snarhækkað, að ógleymdu svimandi háu vaxta- og verðbólguástigi. **Þessi hópur má ekki sitja eftir með alla byrðina.**

Það stefnir í allsherjar aðhald á öllum sviðum með niðurskurði í velferðarmálum og hækkun skatta. Það verður að standa vörð um þennan hóp, hann þolir ekki meira. Við verðum að þrýsta á stjórnvöld að sjá til þess að allir geti setið við sama borð og notið opinberrar þjónustu og menntunar án tillits til efnahags. Allir vilja standa við skuldbindingar sínar, sumir þurfa bara að fá tækifæri til þess. ASÍ mun 25. mars n.k. halda auka ársfund vegna þeirrar stöðu sem íslenskt samfélag er í þar sem ákveðnar verða áherslur verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir sem grípa þarf til og takast á við vandanann bæði til lengri og skemmri tíma. Stjórn félagsins er sífellt að leita leiða til að styrkja félagið og veita félagsmönnum þess alla þá bestu þjónustu sem stéttarfélag getur boðið uppá. Í dag er staðan sú að einungis eru fjögur verslunarmannafélög á landinu. Þau eru VR, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Suðurnesja og við. Önnur verslunarmannafélög hafa sameinast öðrum ýmist í deildarskipt landshlutafélög eða sameinast VR. Af þessum félögum er VR langstæst og má áætla að það sé ríflega 80% allra verslunarmanna á landinu í félaginu. VR gengur þessa dagana í gegnum miklar breytingar þar sem nýr formaður hefur verið kjörinn ásamt nýrri stjórn og trúnaðarráði sem taka mun við eftir aðalfund félagsins 2. apríl n.k. Á félagsfundi sem haldinn var 27.01.2009 var samþykkt ályktun um viðræður við stéttarfélagin á Suðurlandi, þ.e. Drífanda í Vestmannaeyjum,

Verkalýðsfélag Suðurland og Bárúna, stéttarfélag um aukna samvinnu og hugsanlega sameiningu þessara félaga í eitt deildarskipt öflugt félag á Suðurlandi. Það er reynsla okkar í gegnum árin að áherslur okkar og félaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki alltaf legið saman þar sem aðstæður á vinnumarkaði hafa verið nokkuð ólíkar. Allar ákvarðanir um samvinnu eða sameiningu félaga verða teknar af félagsmönnum með allsherjaratkvæðagreiðslu.

Aðalfundur Verslunarmannafélags Suðurlands er áætlaður 29. apríl n.k. Það er von okkar í stjórninni að sem flestir mæti á aðalfundinn, tjái skoðanir sínar og taki þátt í umræðum um stöðu og framtíð félagsins.

Góðar stundir.

Margrét Ingbórsdóttir formaður VMS.

ÚR KJARASAMNINGUM VMS

Lágmarks orlof er 24 virkir dagar, orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi.

Eftir 5 ára starf hjá sama fyrirtæki, 27 virkir dagar og orlofslaun verða 11,11%.

Eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki, 30 virkir dagar og orlofslaun verða 12,55%.

Eftir 10 ára starf í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu þá orlofslaun vera 10,64%.

Starfsmaður sem öðlast hefur 27 daga orlofsrétt eftir 5 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda, fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreynður við ráðningu.

Starfsmaður sem öðlast hefur 30 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreynður við ráðningu.

Starfsmaður sem öðlast hefur 27 daga orlofsrétt eftir þriggja ára starf, öðlast 30 daga orlofsrétt eftir önnur 5 ár hjá sama vinnuveitanda.

Orlofstaka utan orlofstímabils.

Peir sem ekki fá sumarfrí á tímabilinu 2. maí – 15. september **samkvæmt ósk vinnuveitanda**, skulu fá 25% lengingu á orlofið eða greiðslu sem því nemur.

Heimilt er að veita orlof umfram 23 daga að vetri nema um annað semjist.

STAÐGENGILSLAUN

Pegar starfsmaður, sem ekki er ráðinn sem staðgengill yfirmanns, leysir yfirmann sinn af í störfum, t.d. vegna orlofs eða veikinda, og sú afleysing stendur í eina viku eða lengur, skal undirmaður eiga rétt til umbunar fyrir slíka afleysingu með hliðsjón af þeirri ábyrgð og því starfsálagi sem hann verður fyrir.

Aðilar skulu semja um slíka umbun áður en til afleysingar kemur.

MATAR OG KAFFITÍMAR

Hádegismatur:

Matartíminn á dagvinnutímabilinu skal vera 1/2 - 1 klst á tímabilinu kl. 12:00-14:00. Réttur til hádegisverðarhlés miðast við a.m.k. 5 klst. vinnu á dagvinnutíma. Ef starfsmaður vinnur í matar eða kaffitímum á dagvinnutímabili á sá tími að greiðast með

Yfirvinnukaupi.,

Kaffitímar:



Hjá afgreiðslufólki skal kaffitími vera 35 mín. á dag miðað við dagvinnu. Hjá skrifstofufólki skal kaffitími vera 15 mín. á dag miðað við dagvinnutíma. Fólk sem vinnur hluta úr degi skal fá hlutfallslegan kaffitíma. Fella má niður eða stytta kaffitíma með samkomulagi

á vinnustað og styttist vinnutími sem því nemur.

Kvöldmatartími:

Veita skal kvöldmatartíma á tímabilinu kl. 19:00 - 20:00 og greiðist hann með eftir-/yfirvinnukaupi. Sé matartími unninn eða hluti af honum greiðist tilsvarendi lengri yfirvinna. Sé þessi matartími unninn eða hluti af honum greiðist tvöfalt lengri tími en unninn er í yfirvinnu, sem dæmi má nefna starfsmann sem vinnur til kl 19:10 en þá greiðast 20 mínútur í yfirvinnu.

Svart kaffi og hvítt súkkulaði-kaffi.

Uppskrift fyrir sælkera.

- 2 Stykki hreint Marabou súkkulaði
- 1 bolli mjólk
- 2 bollar nýlagað Gevalía kaffi
- Örlítið af þeyttum rjóma

Aðferð

Setjið súkkulaðið í skál og hellið mjólkinni yfir. Hitið þetta síðan í örbylgjuofni á hárrí stilling í 1 mínútu. Hrærið því næst súkkulaðið svo það blandist jafnt. Blandið kaffinu út í. Hellið öllu í stórt glas og berið fram með þeyttum rjóma og örlítið af rifnu súkkulaði .

SJÚKRASJÓÐUR V.M.S.

Skrifstofu félagsins er heimilt að greiða styrki til fullgildra sjóðsfélaga sem greitt hafa til sjóðsins í a.m.k. 6 mánuði samkv.

neðanskráðu:

1. Sjúkranudd samkv. Læknisvottorði	50%
2. Sjúkraþjálfun samkv. Læknisvottorði	50%
3. Lyfjakostnaður samkv. Lyfseðli	50%
4. Nudd	30%
5. Leikfimi/sund/líkamsrækt	30%
6. Gleraugu/linsur	30%
7. Krabbameinsleit (hámark skv. gjaldskrá)	100%
8. Hjartavernd metið hverju sinni.	
9. Lazer-augnaðgerð	30%

Styrkfjárhæð fari þó aldrei yfir 40.000,- samtals á ári miðað við 51-100% vinnu og 20.000,- fyrir 50% vinnu eða minna.


10. Vegna ættleiðinga erlendis greiðist sem nemur fargjaldi félagsmanns til og frá ættleiðingarlandi.

11. Vegna glasafrjóvgunarmeðferðar/smásjársæðingar greiðist styrkur að fjárhæð kr: 100.000,- í eitt skipti. Einungis greiðist einn styrkur þó báðir foreldrar séu félagar í Verslunarmannafélagi Suðurlands.

12. Vegna tæknisæðingar greiðist styrkur að fjárhæð 15.000,-

Liðir 10, 11 og 12 eru ekki háðir ofangreindu hámarki.

Félagar sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku en hafa verið fullgildir greiðandi félagar í Verslunarmannafélagi Suðurlands í a.m.k. 10 ár fyrir starfslok eiga rétt á styrkjum samkv. Grein 12.12 í allt að 3 ár eftir að þeir láta af störfum.



ORLOFSHÚS VMS 2009



Í sumar bjóðum við bústaðina okkar á Flúðum og í Reykjaskógi til vikuleigu til félagsmanna okkar. Aftasta síðan í fréttabréfinu er jafnframt umsókn um sumarhús,

Umsóknafrestur til sumarleigu rennur út þann 24. apríl n.k.

Gengið hefur vel að leigja út sumarbústaðina í vetur og er Flúðasel uppbókað til sumars, Í Rangárseli eru nokkrar helgar lausar í Apríl og Maí, Þeir sem hafa áhuga er bent á heimasíðuna vms.is

**ORLOFSUPPBÓTIN
2009 ER 19.000KR**

Uppbót greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld i starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustur 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí



Verslunarmannafélag Suðurlands Sími: 480 5000 – Fax: 480 5001

UMSÓKN UM DVÖL Í ORLOFSHÚSUM VMS

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 24 APRÍL 2009 VEGNA SUMARDVALAR

Nafn: _____ kt. _____

Heimili _____ Vinnustaður _____

Heimasími. _____ Vinnusími _____ gsm-sími _____

HÚS SEM SÓTT ER UM

Athugið að hægt er að velja báða bústaðina

Rangársel _____

Flúðasel _____

Hefur umsækjandi dvalið áður í húsum félagsins – hvenær? _____

Undirritaður félagsmaður VMS.

Nafn leigutaka

Leigugjald vegna orlofshúsa skal greiðast ekki síðar en 31.maí og ef um úthlutun er að ræða fyrir utan orlofstíma, þá greiðist viku eftir pöntun, ella má búast við að úthlutun falli niður.

Vinsamlega skráið 1 fyrir aðalaval, 2 fyrir val til vara o.s.fr.

Frá dags.

Til dags.

1.val _____ - _____ 2.val _____ - _____

3.val _____ - _____ 4.val _____ - _____

5.val _____ - _____ 6.val _____ - _____

Athugið einnig er hægt að sækj um á heimasíðu félagsins www.vms.is

Má setja
ófrímerkt í póst

Svarsending
Verslunarmannafélag Suðurlands
Austurvegi 56
800-Selfossi